LANDSLAG OG NÁTTÚRA
KORT SAGA
UPPLÝSINGAR
GÖNGULEIÐIR

HEINABERG, HJALLANES, HOFFELL

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

VELKOMIN Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐ

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður árið 2008. Hann nær yfir allan Vatnajökul og stór svæði í nágrenni hans. Þjóðgarðurinn spannar um 14% af flatarmáli Íslands og er einn stærsti þjóðgarður í Vestur-Evrópu.

Þjóðgarðar eru friðlýst svæði sem teljast sérstæð vegna náttúrufars eða sögulegrar helgi. Sérstaða Vatnajökulsþjóðgarðs felst einkum í fjölbreytilegum landslagsformum sem samspil eldvirkni, jarðhita, jökuls og vatnsfalla hafa skapað.

Á Höfn er Gamlabúð, önnur af tveimur gestastofum þjóðgarðsins sunnan Vatnajökuls, og er hún opin allt árið. Þar eru veittar upplýsingar um þjóðgarðinn og nágrenni hans, gönguleiðir, þjónustu og afþreyingu. Þar er líka sýning þar sem er sagt frá samspili manns og náttúru, jöklum og jarðfræði.

Á sumrin er gestum boðið í gönguferðir með landvörðum. Lögð er áhersla á lifandi leiðsögn og persónulega upplifun gesta af náttúru og umhverfi þjóðgarðsins.

Hreindýr – *Rangifer tarandus*

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR
NATIONAL PARK

www.vjp.is

VINIR VATNAJÖKULS
Styrkt af Vinum Vatnajökuls

Útgefandi/Publisher: Vatnajökulsþjóðgarður/Vatnajökull National Park | **Ljósmyndir/Photos:** Helga Árnadóttir, Helga Davíds, Þorvarður Árnason **Forsíðumynd/Cover photo:** Heinabergsjökull | **Hönnun/Design:** PORT Design | **Myndskreytingar/Illustrations:** Jón Baldur Hlíðberg **Kort/Map:** Fixlanda ehf./Hans H. Hansen | **Pappír/Paper:** Sappi Magno Satin | **Prentun/Printing:** Ísafoldarprentsmiðja
1_0615

GESTIR ERU BEÐNIR AÐ HAFA Í HUGA:

- Berum virðingu fyrir umhverfinu og óspilltri náttúru og sýnum aðgát, t.d. í fjöru, við árbakka og á jöklum.
- Hendum ekki rusli né urðum. Allt rusl, þar með talinn salernispappír, skal bera með sér á leiðarenda og skila í þar til gerðar tunnur.
- Hróflum ekki við jarðmyndunum eða viðkvæmum gróðri. Nemum ekki á brott plöntur og steina. Hlöðum ekki vörður.
- Fylgjum merktum göngustígum þar sem þeir eru. Fótspor á viðkvæmum gróðri eru lengi að gróa.
- Verndum dýralíf og sýnum aðgát við varpsvæði fugla.
- Spillum ekki vatni.
- Varast ber að hundar eða önnur gæludýr spilli gróðri eða trufli önnur dýr, fugla eða ferðamenn. Eigendur skulu þrífa eftir dýr sín á göngustígum.
- Látum alltaf einhvern vita fyrirhugaða ferðaáætlun. Snögg veðrabrigði geta orðið, útbúum okkur með það í huga.
- Notum skipulögð tjaldsvæði bæði fyrir tjöld og húsbíla.
- Virðum umgengnisreglur og tilmæli landeiganda. Sýnum öðru göngufólki vinsemd og virðingu.
- Allur akstur utanvega er stranglega bannaður.
- Skiljum við áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- Tökum myndir og minningar með okkur – en skiljum ekkert eftir.

Ef slys verður eða þörf á aðstoð þá komið boðum í 112.

HEINABERG OG HJALLANES

Þrjár miklar jökultungur setja svip sinn á svæðið sem samanstendur af Hjallanesi vestan Kolgrímu og Heinabergi austan hennar. Er fágætt að finna jökla í jafnmiklu návígi við heilt byggðarlag. Oft má sjá stórar hjarðir hreindýra á svæðinu frá hausti og fram á vor.

Á litlu ísöld og fram yfir aldamótin 1900 náðu jökultungur Skálafellsjökuls og Heinabergsjökuls saman fyrir framan Hafrafell. Þá lá skriðjökull yfir Hjallanesi og má sjá þess ýmis merki þegar þar er gengið um, s.s. hvalbök, grettistök og jökulrákir.

Þegar Heinabergsjökull var sem mestur stíflaði hann bæði Vatnsdal og Heinabergsdal. Þar safnaðist vatn sem öðru hverju braust fram á láglendið í jökulhlaupum. Vatnsdalshlaupin voru alræmd fyrir eyðingu ræktarlands.

Bærinn Heinaberg stóð undir Heinabergsfelli þegar hann fór í eyði á fjórða áratug 20. aldar. Áður stóð bærinn sunnar, á Heinabergsnesi, en þaðan var hann fluttur vegna ágangs jökulvatna. Nafnið dró bærinn af Heinum, sérkennilegum klapparásum með stuðluðu bergi. Talið er að þeir dragi aftur nafn sitt af því að lögun stuðlanna minnir á mjúka, oliukennda steina sem voru kallaði heinar og þóttu góðir sem bryni. Einnig eru kenningar um að nafnið sé komið úr heiðni (Heiðnar).

HOFFELL

Hoffellsjökull er meðal stærri skriðjökla sem falla suður úr Vatnajökli. Hann hefur grafið sig djúpt í jökulsand, allt að 300 metra niður fyrir sjávarmál, en vegna hraðrar hopunar jökulsins er þar nú að myndast djúpt jökullón.

Hoffellsjökull skríður í gegnum forna megineldstöð sem kennd er við Geitafell og var virk fyrir 5 - 6 milljónum ára. Vegna landriss og landrofs má þar sjá berg sem myndast djúpt í skorpu jarðar, t.d. í Geitafellsbjörgum austan jökuls sem er kvikuinnskot og að mestu úr gabbróa.

Fjalllendið austan Hoffellsjökuls er búsvæði sjaldgæfra háplantna og flétta. Þar vex líka birkiskógur. Hoffellsfjöll eru brött og há og því kjörinn vettvangur fyrir göngufólk sem vill reyna á líkamlegt atgervi sitt. Vissara er þó að vera ratvís og öruggur því ekki eru allar gönguleiðir merktar.

Klettafrú – *Saxifraga cotyledon*

GÖNGULEIÐIR

Gönguleiðir eru margar og fjölbreyttar á svæðunum sunnan við Vatnajökul. Þær eru við allra hæfi, bæði langar og styttri göngur. Gönguleiðirnar eru flokkaðar og merktar eftir erfiðleikastuðli:

BLÁTT: Auðvelt – Góðir og sléttir stígar að jafnaði, án teljandi hindrana eða erfiðleika.

RAUTT: Krefjandi – Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri óslétta og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.

SVART: Erfitt – Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við stærri óbrúaðar ár, brattlendi og klettahöft. Geta verið hættulegar fyrir óvana og við slæmar aðstæður.

Blátt er því létt leið og svart erfiðast undir fótinn. Gestir eru boðnir velkomnir í Gömlubúð þar sem nálgast má allar almennar upplýsingar um svæðið.

HOFFELL

01 Hoffellsjökull – útsýnisstaður ↔ 0,5 km (10 mín)
Bílastæði við lón – útsýnisstaður – til baka.
Áhugavert: Útsýni yfir skriðjökul, strandlínur jökullóns.

02 Húsberg ↔ 1,5 km (30 mín)
Bílastæði við lón – Húsberg – bílastæði.
Áhugavert: Djúpberg/gabbró, sérstakt gróðurfar, berggangar, rhýólít.

03 Geitafellsbjörg ↔ 4,2 km (1,5-2 klst)
Bílastæði við lón – Geitafellsbjörg – jeppaslóð – Húsberg - bílastæði.
Áhugavert: Landmótun jökuls að vestanverðu og landmótun vatns að austanverðu. Djúpberg, berggangar, sérstakt gróðurfar.

04 Geitafellstindur ↔ 12 km (4-5 klst)
Bílastæði við lón – Geitafellsbjörg – Geitafell – til baka.
Áhugavert: Stórkostlegt útsýni yfir Hoffellsjökul og nágrenni, djúpberg, berggangar, sérstakt gróðurfar.

05 Hoffell – bílastæði við Hoffellssjökul ↔ 7,5 km (2 -2,5 klst)
Hoffell gistiheimili – bílastæði við lón – til baka.
Áhugavert: Hopun jökuls, gróðurframvinda, jökulgarður.

06 Núpaleið ↔ 27,5 km
Bílastæði við lón – Geitafell– Efstafellsgil – Efstafell – Þverá - Stórihnaus – Austurgjá – Gjánúpstangi – Vesturgjá – Lyngtungnafjall – austan við Stóragil – undir Gjánúpstind – Vesturdalur – Fossdalur – Fossdalshnúta – Hoffellsdalur.
Áhugavert: Útsýni, strandlínur jökullóna, berggangar, djúpberg.
Athugið: **Mjög erfið leið og aðeins fyrir vant fjallafólk. Takmarkað fjarskiptasamband. Mælt er með að skilja eftir ferðaáætlun hjá safetravel.is.**



HJALLANES

L1 Hjallanes ⊂⊃ 8 km (3-4 klst)
Skálafell – Skálafellsjökull – Kolgríma – Skálafell.

Áhugavert: Jökulnúnar klappir (hvalbök), grettistök, jökulrákir, jökulgarðar, jökulker.

HEINABERG

E1 Heinaberg ⊂⊃ 6 km (2-3 klst)
Bílastæði við Heinabergslón –Bólstaðafoss – Heinar – bílastæði.

Áhugavert: Malarhjallar, jökulgarðar, jökulker, tjarnir og klappir, foss, stuðlaberg, rústir af beitarhúsum.

E2 Heinar ⊂⊃ 1,8 km (30 mín)
Bílastæði við Heina – Heinar – bílastæði.

Áhugavert: Stuðlaberg.

E3 Heinabergsbær ↔ 1,8 km (30 mín)
Bílastæði við Heinabergsfell – bæjartóftir – bílastæði.

Áhugavert: Minjar um búsetu á áhrifasvæði jökulhlaupa.

E4 Heinabergsdalur (Vatnsdalur) ⊂⊃ 17,5 km (6-7 klst)
Bílastæði við Heinabergslón – Heinabergsdalur – Vatnsdalsheiði – Geitakinn – bílastæði.

Áhugavert: Fyrrum jökulstíflaður dalur, strandlínur, vatnssorfnir klettar, sethjallar, berggangar, útsýni, hreindýr, fossar, gil.

Áhending: Hægt er að hjóla á reiðhjóli að enda vegslóða í Heinabergsdal og til baka. 7,5 km önnur leið frá bílastæði við Heinabergslón.

AÐRAR GÖNGULEIÐIR Í NÁGRENNINU

J1 Skálafell – Heinabergslón ⟶ 7,5 km

J2 Heinabergslón – Fláajökull (Hólmsá) ⟶ 8,3 km

J3 Fláajökull (Hólmsá) – Haukafell ⟶ 4,5 km

F1 Söguslóð ⊂⊃ 2,6 km

F2 Jarðfræðislóð ↔ 3,6 km

Hjallanes

Hoffell